

inu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Föstudaginn 28. september 1935.

Nr. 168/1934. **Sæmundur Einarsson**

(Lárus Jóhannesson)

gegn

**skólanefnd Kjósarhrepps f. h. hrepps-
nefndar eða til vara séra Halldóri
Jónssyni** (Jón Ásbjörnsson).

Skaðabótakrafa farkennara vegna ólögmatrar uppsagnar ekki tekin til greina.

Dómur gestaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 27. febr. 1934: Hinir stefndu skólanefndarmenn í Kjósarhreppi, Halldór Jónsson, sóknarprestur á Reynivöllum, Ellert Eggertsson, bóndi á Meðalfelli og Gestur Andrésón, hreppstjóri á Neðra-Hálsi, f. h. hreppsnefndar Kjósarhrepps vegna sveitarsjóðs, svo og varastefndur sóknarprestur, Halldór Jónsson, Reynivöllum, persónulega, skulu vera sýknir af kærnum og kröfum stefnanda, kennara Sæmundar Einarssonar, Klapparstig 44, Reykjavík, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstaréttar:

Máli þessu hefir áfrýjandi, að fenginni gjafsókn fyrir hæstarétti dags. 25. ágúst 1934 og áfrýjunarleyfi dags. 26. okt. s. á., skotið til hæstaréttar með stefnu dags. 2. nóv. 1934. Hér fyrir réttinum krefst áfrýjandi þess *aðallega*, að hin stefnda skólanefnd verði f. h. hreppsnefndar Kjósarhrepps vegna hreppssjóðs sama hrepps dæmd til að greiða áfrýj-

anda kr. 1564,00 með 6% ársvöxtum frá 1. okt. 1932 til greiðsludags. *Til vara* krefst áfrýjandi þess, að fyrrnefndir aðiljar verði dæmdir til að greiða sömu upphæð, ef áfrýjandi vinnur eið að því, að formaður skólanefndar, séra Halldór Jónsson, hafi lofað áfrýjanda að láta hann vita „í tæka tíð“, nánar til tekið fyrir 1. júlí 1932, hvort skólanefnd hugsaði til að skipta um kennara, og að áfrýjandi hafi ekki innan þess tíma fengið nein boð frá séra Halldóri í þá átt. *Til þrautavara* beinir áfrýjandi aðalkröfu sinni gegn varastefnda, séra Halldóri Jónsyni, persónulega, og til *þrauta þrautavara* beinir hann varakröfunni gegn varastefnda persónulega. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar í undirrétti eftir mati réttarins og á sama hátt málskostnaðar fyrir hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, þar með hæfilegra málsóknarlauna til skipaðs talsmanns síns. Stefndu krefjast staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með bréfi dags. 12. okt. 1931 var áfrýjandi settur til þess að vera farkennari um eitt ár, frá 1. okt. s. á. að telja, í Kjósarskólahéraði. Þrátt fyrir það, að setning áfrýjanda eða ráðning hans til stöðunnar var þannig í upphafi berum orðum bundin við eins árs tíma, telur áfrýjandi, að hann hafi síðar öðlast rétt til stöðunnar einnig fyrir næsta ár á eftir, en hin stefnda skólanefnd hafi með ólögmetu atferli sínu orðið þess valdandi, að hann fékk eigi að gegna stöðunni það ár, og sé því hreppssjóður skyldur að standa honum skil á kaupi fyrir það tímabil.

Þessu til styrktar bendir áfrýjandi í fyrsta lagi á ákvæði 2. gr. laga nr. 75/1919 um skipun barna-

kennara og laun þeirra og 2. gr. erindisbréfs fyrir skólanefndir frá fræðslumálastjóra, dags. í ágúst 1931. Í 2. gr. laga 75/1919 er ákveðið, að þegar kennarastaða er laus, skuli skólanefnd eða fræðslunefnd, svo fljótt sem fært er, auglýsa hana til umsóknar, með a. m. k. tveggja mánaða umsóknarfresti, og í 2. gr. nefnds erindisbréfs segir, að ef kennarastaða losnar í skólahéraðinu, skuli skólanefnd tilkynna fræðslumálastjóra það hið fyrsta — í síðasta lagi 1. júlí — og sjái þá fræðslumálastjóri um, að staðan verði auglýst. Af þessu telur áfrýjandi það leiða, að kennarar, sem settir hafa verið til starfans, eigi heimtingu á því, að fá vitneskju um það fyrir 1. júlí, ef þeir eiga ekki að halda starfinu skólaár það, sem hefst 1. okt. næstan á eftir. Afleiðing þessa er aftur sú, að því er áfrýjandi heldur fram, að þar sem hann hafi enga vitneskju fengið um það fyrir en í miðjum september 1932 og ekki fulla vissu fyrir en í október s. á., að hann átti ekki að halda stöðu sinni, þá hafi skólanefndin, sem þessu hafi ráðið, brotið lög á honum. Á þetta verður þó ekki fallist. Greind ákvæði eru bersýnilega sett í því skyni, að sem bestir kennarar fáiast í stað þeirra, sem frá fara, og varða þau eingöngu samband skólanefndar og fræðslumálastjórnar. Þau segja hinsvegar ekki neitt um uppsögn þeirra kennara, sem þegar eru í stöðum, hvort sem þeir eru þar einungis til bráðabirgða eða skipaðir fyrir fullt og allt, og geta þeir því ekki byggt neinn rétt á þessum ákvæðum. Verður því eigi talið, að þau geti ráðið nokkru um úrslit þessa máls.

Í öðru lagi telur áfrýjandi, að þótt eigi yrði fallist á skilning hans á umgetnum lagaboðum, þá

hafi engu að síður verið brotin lög á honum af skólanefndinni vegna þess, að ákveðin bindandi venja hafi myndast um, að setning í farkennarastöður framlengist frá ári til árs, ef stöðurnar eru ekki auglýstar, svo sem að framan greinir. Þessari venju til sönnunar hefir áfrýjandi einkum vitnað til vottorðs frá stjórn Sambands íslenzkra barnakennara, dags. 3. júlí 1933 og tveggja bréfa fræðslumálastjóra, dags. 3. júlí og 18. sept. 1933. En er undirskrifendur hins fyrst nefnda vottorðs voru leiddir sem vitni í málinu, kom í ljós, að því fór fjarri, að þeir hefðu rökstudda vitneskju um, að slík venja hefði myndast, og verður því ekkert byggt á vottorði þessu, þegar af þeirri ástæðu. Bréf fræðslumálastjóra gefa heldur ekki, nema síður sé, tilefni til að ætla, að þvilik venja hafi komist á, og þar sem áfrýjanda hefir ekki með öðru móti tekizt að sanna tilvist hennar, getur hann engan rétt á henni byggt.

Í þriðja lagi byggir áfrýjandi rétt sinn á ummælum varastefnda, séra Halldórs Jónssonar, í samtali við sig vorið 1932. Fullyrðir áfrýjandi, að varastefndi hafi þá, sem formaður skólanefndar, lofað að láta áfrýjanda vita í tæka tíð, þ. e. fyrir 1. júlí 1932, ef skólanefndin óskaði að breyta til um kennara. Þar sem þessu loforði hafi ekki verið fullnægt og hann sviftur stöðunni á fyrr greindan hátt, telur áfrýjandi sig eiga af þeim sökum bótarétt annaðhvort á hreppssjóð eða a. m. k. á varastefnda, séra Halldór Jónsson, persónulega. En varastefndi neitar því eindregið, að hann hafi gefið slíkt loforð, heldur segist þvert á móti munu hafa sagt á þá leið, að áfrýjandi yrði látinn vita í tæka tíð, ef hugsað yrði til hans sem kennara

næsta vetur. Áfrýjanda hefir ekki tekizt að sanna frásögn sína af þessu samtali, enda eru engin vitni til frásagnar af því hvað þar fór fram, og getur hann því engan rétt af því leitt, hvorki á hendur aðalstefnda né varastefnda persónulega. Ekki verður heldur talið, að skilyrði séu fyrir hendi um aðildareið áfrýjanda til handa um hvað í samtalinu fór fram, og er því ekki hægt að verða við kröfu hans um að láta úrslit málsins velta á slíkum eiði.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skirskotun til hins áfrýjaða dóms verður að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður og málf lutningslaun hins skipaða talsmanns áfrýjanda, er ákveðast 100 kr., greiðist úr rikissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður í hæstarétti fellur niður, en málf lutningslaun hins skipaða talsmanns áfrýjanda, hæstaréttarmálaflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar, 100 krónur, greiðist úr rikissjóði.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með stefnu útgefinni 29. maí f. á. hefir stefnandinn, kennari Sæmundur Einarsson, til heimilis á Klapparstíg 44 í Reykjavík höfðað mál þetta gegn skólanefnd Kjósarhrepps f. h. hreppsnefndar vegna sveitarsjóðs hreppsins og til vara gegn sóknarpresti Halldóri Jónssyni, Reynivöllum í Kjós, sjálfum, til greiðslu á kr. 1564.00, sem skaðabótum fyrir það, að skólanefndin eða oddviti hennar hafi orðið þess valdandi að stefnandinn hafði verið

sviftur farkennarastöðu í hreppnum eða skólahéraði hreppsins haustið 1932, sem hann eins og komið hafi verið, hafi átt skýlausa heimtingu á, og auk þessa krefst stefnandinn 6% ársvaxta af hinni umstefndu upphæð frá 1. okt. 1932 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu, en til vara að stefndur, Halldór Jónsson, sóknarprestur, sjálfur verði dæmdur til að fullnægja öllum hinum umstefndu kröfum, er að framan greinir. Umkrafðar skaðabætur sundurliðar stefnandinn þannig: a) kennslukaup á kr. 700, og b) upphald í 6 mánuði, á 144 kr. um mánuðinn, eða kr. 864.00, þar í innifalið fæði, húsnæði og þjónusta m. m. umrætt tímabil.

Málavexti segir stefnandinn vera þá, að haustið 1931 hafi hann verið settur farkennari í greindu skólahéraði til eins árs, fyrir þá í hönd farandi skólaár, og hann gegnt starfi þessu óaðfinnanlega, eða án þess að nokkur gerði athugasemdir þar við, enda hann og haft ágætt kennara-próf og embættisaldur, svo og fyrirskipað læknisvottorð um heilsufar, og að loknu prófi vorið 1932 hafi hann átt tal við formann skólanefndarinnar, sóknarprest Halldór Jónsson um kennarastöðuna framvegis þar í hreppnum og velnefndum sóknarnefndarmanni, þá farist orð á þá leið, að hann sem formaður nefndarinnar myndi láta stefnanda vita, ef að skólanefndin óskaði að breyta til um kennara, en jafnframt tekið það fram, að hann fyrir sitt leyti óskaði ekki eftir breytingu, og hann þá látið þess getið að hann byggist ekki við að meðnefndarmenn hans í skólanefndinni myndu heldur gera það, því þeir væru vanir að fara eftir ráðum hans í þessu efni, eða létu hann yfirleitt öllu um það ráða. Kveðst stefnandinn hafa látið sér þetta vel líka og svo farið til Reykjavíkur, hvar hann þá rétt á eftir hafi skýrt fræðslumálastjóra frá samtali þeirra séra Halldórs, og fræðslumálastjóri þá sagt: „að við skyldum þá láta þetta vera þannig“. Kveðst stefnandinn svo hafa verið grandalaus, eða sannfærður um það að hann héldi farkennarastöðunni áfram, enda hann ekki séð stöðuna auglýsta, né hann heldur fengið nokkra tilkynningu um breytingu, eða uppsögn á stöðunni, og sleppt öllum tækifærum til að útvega sér stöðu annarsstaðar, — fyrr en hann um miðjan septembermánuð, af tilviljun hafi átt tal við fræðslumálastjóra, sem þá

hafi sagt stefnanda frá því, að oftnefndur formaður skólanefndarinnar, hefði þá nýlega farið fram á það við sig, að hann útvegaði sér nýjan kennara, og jafnvel óskað að staðan yrði auglýst, en fræðslumálastjóri talið það of seint vera og ráðið formanni skólanefndar að eiga tal um þetta við stefnanda, og jafnframt hefði fræðslumálastjórinn haft orð á því við nefndarformanninn, að ekki kæmi til mála að fyrrverandi farkennari eða stefnandi sleppti tilkalli til stöðunnar, nema því aðeins að hann fengi ekki lakari stöðu í staðinn, og kveðst stefnandi hafa svarað þessu lítið, en geymt sér allan rétt, en er hann í októbermánuði ætlaði að taka til kennslustarfa í Kjósinni og farið til fræðslumálastjóra, hafi hann tilkynnt honum að nýr kennari væri settur í umrætt kennsluhérað fyrir þrábeiðni oftnefnds skólanefndarformanns, en þá hafi öllum farkennarastöðum verið ráðstafað og úr því engin staða fyrir farkennara losnað, svo að hann hafi orðið atvinnulaus allan veturinn. Með bréfi til skólanefndarinnar í Kjósarhreppi, dags. 27. okt. 1931 tilkynnir fræðslumálastjóri Helgi Eliasson, að ráðuneytið hafi með bréfi dags. 12 s. m. „sett Sæmund Einarsson til að vera farkennari um eitt ár, frá 1. okt. þ. á. að telja, í Kjósarskólahéraði“, og samkvæmt þessu virðist stefnandinn hafa tekið við kennslustarfinu og eigi verður séð af skjölum málsins að hann hafi beinlínis sótt til skólanefndarformanns eða skólanefndar um að hann fengi starfið áfram næsta skólaár, enda kveðst hann undir rekstri málsins hafa skilið svo á formanni skólanefndarinnar, að um enga breytingu af hans eða skólanefndar hálfu væri að ræða, og er hann svo eigi hafi séð stöðu þessa auglýsta á fyrirskipuðum tíma, sbr. ákvæði 2. gr. laga nr. 75/1919 og auglýsingar í Lögbirtingablöðum framlögðum, hafi hann sannfærst um að svo væri, enda og föst venja fyrir því að farkennarar sem aðrir kennarar eigi rétt á uppsögn á starfinu, þótt settir séu til ákveðins tíma, eða aðeins til 1 árs og eigi slík uppsögn sér eigi stað, eða staðan eigi auglýst laus fyrir 1. júlí umrætt ár, sé það einnig föst venja orðin að farkennarar haldi stöðunni án nýrrar setningar í hana og hlutaðeigandi ráðuneyti, sbr. yfirlýsingar framl. frá fræðslumálastjóra og stjórn Sambands íslenzkra barnakennara og einnig hafi

sumar skólanefndir skilið þetta þannig o. s. frv., er umboðsmaður stefnanda hefir tilgreint undir rekstri málsins. Umboðsmaður hinnar stefndu skólanefndar hefir mótmælt kröfum stefnanda, bæði aðalkröfum hans og varakröfum, þar sem stefnandinn aðeins hafi verið ráðinn til 1 árs, og því eigi átt neinn rétt til framhaldskennslu næsta ár á eftir, nema hann með samþykki skólanefndar væri á ný settur eða skipaður til að gegna starfinu, eða eftir tillögum skólanefndar, og einnig mótmælir hann f. h. nefndarinnar svo og f. h. formanns hennar, og f. h. hans persónulega að hann hafi gefið stefnanda ádrátt eða loforð um að hann léti stefnanda vita af, ef nokkur breyting yrði á kennara skólahéraðsins, heldur hafi hann í umræddu viðtali sagt á þá leið að stefnandinn yrði látinn vita í tæka tíð, ef hugsað yrði til hans sem kennara næsta vetur, og loks væri ekkert það í lögum eða reglugerðum, né heldur föst venja orðin, að farkennarasetning til eins árs gæfi nokkurt fyrirheit um framlengingu starfsins næsta ár á eftir án sérstakra tillagna skólanefndar eða samþykkis. Krefst umboðsmaður algerðrar sýkunar aðalstefnanda og varastefnds og kröfum stefnanda í málinu, og málskostnaðar eftir mati réttarins, jafnframt og hann mótmælir sem óhæfilega hárrí aðalkröfu stefnanda svo og kröfum hans um aðildareiðinn, að rétt sé skýrt frá umræddu samtali þeirra varastefnds og hans og neitar því að farkennari eigi nokkra heimtingu um uppsögn á starfinu, eða að það hans vegna sé auglýst laust til umsóknar.

Með því að fyrr tilvitnuð tilkynning fræðslumálastjóra til skólanefndar um setningu stefnanda til starfsins, aðeins til eins árs, er ótvíræð og eigi felur í sér út af fyrir sig neina bendingu eða fyrirheit um framlenging starfsins næsta skólaár án sérstakrar ráðstöfunar af hálfu hlutaðeiganda, gat stefnandinn eigi vænst þessa, og eigi heldur tilvitnuð lög af hálfu stefnanda eða umboðsmanns berlega eiga við um setningu eða skipun farkennara, né heldur tilvitnað erindisbréf fyrir skólanefndir og eigi heldur upplýst eða sannað í málinu af hálfu stefnanda að nokkur föst eða ábyggileg réttarvenja hafi myndast um sjálfsagða framlengingu til næsta skólaárs á starfi farkennara, miðað við upprunalega setningu í starfið, sem

fordæmi, og loks eigi, gegn mótmælum varastefnds, er sönnun fyrir því, að hann í oftgreindu samtali hafi gefið honum von um, eða vissu um það, hvorki sem formaður hlutaðeigandi skólanefndar né persónulega að hann í tíma tilkynnti stefnanda ef breytt yrði um kennara, né heldur þær líkur framkomnar um þetta í málinu að um aðildareið geti verið að ræða af hálfu stefnanda þessu til sönnunar, ber að sýkna hina stefndu skólanefnd svo og varastefndan, bæði sem þáverandi formann skólanefndar og einnig persónulega af kærum og kröfum stefnanda í máli þessu. — Málskostnaður virðist eftir atvikum eiga að falla niður.

Mánudaginn 30. sept. 1935.

Nr. 49/1935. Valdstjórnin (Lárus Jóhannesson)

gegn

Sveini Sigmar Björnssyni og

Ágúst Ólafi Ólafssyni

(Eggert Claessen).

Bruggun áfengis.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 25. febr. 1935:
Kærður Sveinn Sigmar Björnsson sæti 14 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og greiði 800 króna sekt til rikissjóðs og komi 40 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 30 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærður Ágúst Ólafur Ólafsson greiði 100 króna sekt til rikissjóðs og komi 10 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 30 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa.

Framangreint áfengi með ilátum og framangreind bruggunartæki, skal upptækt og eign rikissjóðs.

Kærðir greiði in solidum allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.